

BERA HF.

AÐALFUNDUR 13. MAÍ 2026

Tillögur stjórnar

2. Staðfesting ársreiknings félagsins fyrir liðið starfsár

Stjórn Beru hf. leggur til við aðalfund félagsins að ársreikningur fyrir rekstrarárið sem lauk hinn 28. febrúar 2026 verði samþykktur.

4. Kjör endurskoðanda eða endurskoðunarfyrirtækis

Stjórn Beru hf. leggur til við aðalfund félagsins að PricewaterhouseCoopers ehf., kt. 690681-0139, verði endurkjörið sem endurskoðandi félagsins.

5. Ákvörðun tekin um hvernig fara skal með hagnað eða tap félagsins á liðnu starfsári

Stjórn Beru hf. leggur til við aðalfund félagsins að ekki verði greiddur út arður til hluthafa vegna rekstrarársins heldur verði hagnaði félagsins á starfsárinu ráðstafað til hækkunar á eigin fé.

Greinargerð:

Síðasta fjárhagsár einkenndist af ytri vexti með kaupum á þremur félögum, Ankra ehf., Gæðabakstri ehf. og Kjarnavörum ehf. Því er lagt til að ekki verði greiddur út arður til hluthafa þrátt fyrir arðgreiðslustefnu félagsins sem kveður á um að 25-50% af hagnaði skuli greiddur út sem arður til hluthafa.

6. Ákvörðun tekin um greiðslur til stjórnarmanna fyrir störf þeirra á starfsárinu, sem og til nefndarmanna í undirnefndum stjórnar

Stjórn Beru hf. leggur til við aðalfund félagsins að mánaðarleg stjórnarlaun fyrir hvern almennan stjórnarmann verði kr. 445.000. Mánaðarleg stjórnarlaun formanns verði kr. 910.000 og varaformanns kr. 605.000.

Þá leggur stjórn til að nefndarmenn í endurskoðunarnefnd fái greiddar kr. 110.000 á mánuði, en formaður nefndarinnar kr. 220.000 á mánuði.

Jafnframt leggur stjórn til að þeir stjórnarmenn sem sæti eiga í starfskjaranefnd fái greiddar kr. 80.000 á mánuði til viðbótar við stjórnarlaun, formaður starfskjaranefndar fái kr. 120.000 á mánuði, en að aðrir nefndarmenn starfskjaranefndar (ef við á) fái greitt samkvæmt tímagjaldi.

Greinargerð:

Tillagan byggir á tillögum starfskjaranefndar og er ákvörðuð með hliðsjón af þeim viðmiðum sem vísað er til í starfskjarastefnu félagsins, sem og launakjörum stjórnarmanna og nefndarmanna undirnefnda annarra skráðra félaga sem félagið ber sig saman við. Felur tillagan í sér að þóknunir stjórnarmanna og nefndarmanna í endurskoðunarnefnd stjórnar hækki um 6%, mánaðarleg þóknun formanns starfskjaranefndar hækki um kr. 27.000, en mánaðarleg þóknun annarra stjórnarmanna sem sæti eiga í starfskjaranefnd hækki um kr. 18.000. Er starfskjaranefnd félagsins nú skipuð tveimur einstaklingum og eru báðir stjórnarmenn.

7. Samþykki starfskjarastefnu félagsins

Stjórn Beru hf. leggur til að gildandi starfskjarastefna félagsins verði samþykkt með eftirfarandi breytingum:

- (a) Tilvísunum til Ölgerðarinnar breytt í tilvísanir til Beru, til samræmis við nýlega breytingu á nafni félagsins.
- (b) Uppfærslur til að endurspeгла breytt skipulag og skipurit samstæðunnar.
- (c) Bætt verði við 4. gr. heimild til handa stjórn að fela stjórnarformanni einstök verkefni í þágu félagsins og/eða einstakra dótturfélaga og ákvarða þóknun samkvæmt samkomulagi.

Starfskjarastefnu félagsins, með framangreindum breytingum, má finna á vefsíðu félagsins, <https://www.berahf.is/fjarfestar/hluthafafundir/>.

Greinargerð:

Tillagan tengist einkum á nýlegri endurskipulagningu félagsins, sem fól m.a. í sér breytingu á nafni félagsins og skipuriti. Er nú ekki lengur til staðar sérstök framkvæmdastjórn innan félagsins, heldur teljast einkum framkvæmdastjórar dótturfélaga félagsins til æðstu stjórnenda félagsins, ásamt forstjóra. Ekki er þó útilokað að aðrir starfsmenn innan samstæðunnar teljist enn fremur til æðstu stjórnenda í skilningi starfsmannastefnunnar, eftir hlutverki þeirra og ábyrgð hverju sinni.

Þá er lagt til að stjórn verði heimilað sérstaklega að fela formanni stjórnar félagsins tiltekin verkefni í þágu samstæðunnar, gegn greiðslu þóknunar, eftir því sem við á, sbr. 1. mgr. 70. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög. Verður þá upplýst um heildarþóknanir stjórnarformanns hverju sinni í árlegri skýrslu stjórnar um framkvæmd starfskjarastefnu.

8. Kjör eins nefndarmanns í endurskoðunarnefnd félagsins

Stjórn Beru hf. leggur til að Helgi F. Arnarson, kt. 030657-2339, verði kjörinn í endurskoðunarnefnd félagsins.

Greinargerð:

Tillagan byggir á ákvæðum laga nr. 3/2006 um ársreikninga, en af þeim leiðir að utanaðkomandi meðlimir endurskoðunarnefndar skuli tilnefndir á aðalfundi. Þar sem stjórn félagsins hefur ákveðið að einn meðlimur endurskoðunarnefndar skuli vera utanaðkomandi, þ.e. ekki stjórnarmaður, leggur stjórnin til að Helgi F. Arnarson verði endurkjörinn í nefndina. Verður nefndin jafnframt skipuð tveimur stjórnarmönnum, sem tilnefndir verða af stjórn.

9. Kaupréttir og breytingar á samþykktum félagsins

Stjórn Beru hf. leggur til að eftirfarandi breytingar verði gerðar á 4. gr. samþykktu félagsins:

- (a) Ákvæði 2. mgr. 4. gr. heimili stjórn félagsins að hækka hlutafé þess, í einu lagi eða áföngum, um allt að kr. 119.149.761 að nafnverði og að heimildin gildi til 13. maí 2031.

(b) Heimild stjórnar til að hækka hlutfé félagsins samkvæmt 4. mgr. 4. gr. gildi til 13. maí 2031.

Greinargerð:

Tillagan er tvíþætt.

Annars vegar felur hún í sér að heimild stjórnar til hækkunar hlutfjár félagsins samkvæmt 2. mgr. 4. gr. samþykka félagsins verði hækkuð um kr. 38.000.000 að nafnverði. Breytingin tengist fyrirætlunum stjórnar félagsins að gefa út frekari kauprétti til helstu stjórnenda félagsins. Er þannig ráðgert að gerðir verði kaupréttarsamningar við nánar tiltekna stjórnendur félagsins, þannig að þeim gefist kostur á að kaupa allt að 38.000.000 hluta í félaginu. Helstu skilmálar kaupréttarsamninganna verða eftirfarandi, í samræmi við starfskjarastefnu félagsins:

- Kaupréttur ávinnst í þremur áföngum á þriggja ára tímabili.
- Kaupréttargengið jafngildir dagslokagengi hluta í félaginu eins og það verður skráð á aðalmarkaði Nasdaq Iceland daginn fyrir útgáfu kaupréttarins. Skal kaupréttargengið bera vexti sem jafngilda 5,5% ársvöxtum frá útgáfudegi til nýtingardags.
- Kaupréttur nýtanlegur í áföngum að loknu síðasta ávinnslutímabilinu.
- Kaupréttur er aðeins gildur sé kaupréttarhafi í starfi hjá félaginu eða dótturfélögum þess á nýtingardegi, nema starfslok kaupréttarhafa komi til vegna atvika sem kaupréttarhafa verður ekki um kennt.
- Áætluð gjaldfærsla vegna fyrirhugaðra kaupréttasamninga er um 35 m.kr. á ári í þrjú ár.

Hins vegar felur tillagan í sér framlengingu á gildandi heimild stjórnar til hækkunar hlutfjár félagsins samkvæmt 4. mgr. 4. gr. samþykka félagsins, þannig að heimildin gildi til 13. maí 2031, í stað 19. maí 2026.

Drög að samþykktum félagsins með framangreindum breytingum liggja fyrir á heimasíðu félagsins <https://www.berahf.is/fjarfestar/hluthafafundur/>.